

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/2238****2023/EES/8/14**

frá 22. ágúst 2022

um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2021/2306 að því er varðar umbreytingarákvæði vegna skoðunarvottorða og útdráttá úr þeim og að því er varðar umbreytingarákvæði vegna skoðunarvottorða sem eru gefin út í Úkraínu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 ⁽¹⁾, einkum 38. gr. (ii. lið a-liðar 8. mgr.), 46. gr. (b-lið 7. mgr.) og 57. gr. (3. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð.
- 2) Í samræmi við fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. og aðra undirgrein 3. mgr. 6. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 skal skoðunarvottorð gefið út og áritað í Traces-kerfinu með fullgiltu rafrænu innsigli. Í 6. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar, eftir því sem við á, er kveðið á um áritun hluta sendingar sem lífrænnar og áritun útdráttá úr skoðunarvottorðum í Traces-kerfinu með fullgiltu rafrænu innsigli.
- 3) Í umbreytingarákvæðunum sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 er nú þegar kveðið á um að til 30. júní 2022 megi gefa út skoðunarvottorð á pappír eftir að það hefur verið fyllt út í Traces-kerfinu og prentað út og, ef það er gefið út á pappír, að árita ætti þetta vottorð á pappír. Ef skoðunarvottorð er gefið út í Traces-kerfinu og er með fullgilt rafrænt innsigli er heimilt að árita það á pappír.
- 4) Í umbreytingarákvæðunum sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 er kveðið á um að einnig er heimilt, til 30. júní 2022, að árita pappírsgáfú útdráttar úr skoðunarvottorði eftir að hann hefur verið fylltur út í Traces-kerfinu og prentaður út.
- 5) Ferlið við skráningu lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og í þriðju löndum, sem og eftirlitsyfirvalda og eftirlitsaðila, fyrir fullgilt rafrænt innsigli stendur nú yfir. Skráningarferlið tók lengri tíma en búist var við og var ekki lokið fyrir 30. júní 2022.
- 6) Því er nauðsynlegt að rýmka gildissvið umbreytingarákvæða vegna pappírsgáfú af skoðunarvottorðum og útdráttá úr þeim, sem kveðið er á um í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306, til að gera öllum hlutaðeigandi aðilum kleift að ljúka við skráningu fyrir fullgilt rafrænt innsigli.
- 7) Innrás Rússlands í Úkraínu 24. febrúar 2022 er sérstök og fordæmalaus áskorun fyrir þau eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa fengið viðurkenningu að því er varðar útflutning á lífrænum vörum og vörum í aðlögun frá Úkraínu til Sambandsins. Í Úkraínu er einnig röskun á pósthjónustunni.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 294, 15.11.2022, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 295/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2306 frá 21. október 2021 um að bæta við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 reglum um opinbert eftirlit að því er varðar sendingar af lífrænt ræktuðum vörum og vörum í aðlögun sem eru ætlaðar til innflutnings til Sambandsins og skoðunarvottorð (Stjttíð. ESB L 461, 27.12.2021, bls. 13).

- 8) Í samræmi við 1. mgr. a í 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 og þrátt fyrir fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. þeirrar reglugerðar er til þess bærur einstaklingi, sem er staðsettur í Úkraínu, á vegum eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila, sem er ekki búinn fullgiltu rafrænu innsigli, heimilt, til 30. júní 2022, að útbúa og leggja fram skoðunarvottorð á rafrænu formi í Traces-kerfinu án þess að nota fullgilt rafrænt innsigli í reit 18 á vottorðinu. Í ljósi þess að ófyrirsjáanlegt er hversu lengi innrás Rússlands í Úkraínu kemur til með að standa yfir er einnig nauðsynlegt að framlengja þessa undanþágu.
- 9) Því ætti að breyta framseldri reglugerð (ESB) 2021/2306 til samræmis við það.
- 10) Þar eð umbreytingartímabilið fyrir pappírsútgáfu af vottorðum og undanþágan fyrir Úkraínu renna út 30. júní 2022 ætti þessi reglugerð að gilda afturvirkta frá og með 1. júlí 2022.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 11. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/2306 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað inngangsorðanna í 1. mgr. kemur eftirfarandi:

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. er heimilt, til 30. nóvember 2022, að gefa skoðunarvottorð út í pappírformi eftir að það hefur verið fyllt út í Traces-kerfinu og prentað út. Þessi pappírsútgáfa af vottorði skal uppfylla eftirfarandi kröfur:“
- 2) Í stað 1. mgr. a kemur eftirfarandi:

„1a. Þrátt fyrir fyrstu undirgrein 3. mgr. 5. gr. er til þess bærur einstaklingi, sem er staðsettur í Úkraínu, á vegum eftirlitsyfirvalds eða eftirlitsaðila, sem er ekki búinn fullgiltu rafrænu innsigli, heimilt, til 30. nóvember 2022, að útbúa og leggja fram skoðunarvottorð á rafrænu formi í Traces-kerfinu án þess að nota fullgilt rafrænt innsigli í reit 18 á vottorðinu. Slíkt vottorð skal gefið út áður en sendingin sem það varðar fer frá Úkraínu.“
- 3) Í stað inngangsorðanna í 2. mgr. kemur eftirfarandi:

Þrátt fyrir 3. mgr. 6. gr. skal eftirfarandi gilda til 30. nóvember 2022:“
- 4) Í stað inngangsorðanna í 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„Þrátt fyrir 6. mgr. 6. gr. og 4. mgr. 7. gr. er heimilt, til 30. nóvember 2022, að árita pappírsútgáfu útdráttar úr skoðunarvottorði eftir að hann hefur verið fylltur út í Traces-kerfinu og prentaður út. Þessi pappírsútgáfa útdráttar úr vottorði skal uppfylla eftirfarandi kröfur:“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. ágúst 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.